

Tilmæli 7/2023  
Tillaga A 1930/UKK  
Afgreiðsla Norræna þekkingar- og menningarnefndin

## Nefndarálit um svar við tilmælum 7/2023 um samnorrænt átak í tengslum við pílgrímsleiðir

Norræna velferðarnefndin leggur til að Norðurlandaráð kynni sér svarið við 7/2023 og bíði átekta eftir *pólítísku samráði* um *samnorrænt átak í tengslum við pílgrímsleiðir*.

### Forsendur og aðdragandi

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að stuðla að eflingu samstarfs um norrænar pílgrímsleiðir og skapa grundvöll fyrir samnorrænt átak í tengslum við pílgrímsleiðir, helst í samstarfi við þá aðila sem þegar starfa á þessu sviði.

### Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Norræna ráðherranefndin um menningarmál þakkar Norðurlandaráði fyrir tilmælin um að efla samstarfið í tengslum við norrænar pílgrímsleiðir og stuðla að norrænu átaki í samstarfi við þá aðila sem þegar starfa á sviðinu.

Með tilmælunum er vakin athygli á þeim miklu möguleikum sem fyrir hendi eru þegar kemur að því að þróa menningartengda ferðaþjónustu og menningarmiðlun í tengslum við pílgrímsleiðir á Norðurlöndum og bent á að mikill akkur væri í norrænu samstarfsneti sem byggist á samnorrænum menningararfi.

Pílgrímsferðir eru farnar eftir sögulegum leiðum og efla menningararfinn og -söguna en stuðla jafnframt að því að til verði ný list og menning. Ferðaþjónusta í tengslum við pílgrímsferðir byggir jafnframt undir atvinnulífið á hverjum stað fyrir sig. Pílgrímsferðir eru sjálfbær menningartengd ferðaþjónusta sem fellur vel að framtíðarsýninni um Norðurlönd sem sjálfbærasta og samþættasta svæði heims.



Norrænu ráðherranefndinni um menningarmál er kunnugt um að áhugi á (pílagríms)göngum fer vaxandi í allri Evrópu. Í áætlun Evrópuráðsins um menningarleiðir er að finna nokkrar trúarlegar og veraldlegar leiðir sem teygja sig víða um Evrópu.

Norræna ráðherranefndin um menningarmál lítur það jákvæðum augum að til séu nokkrar pílagríms- og menningarleiðir á Norðurlöndum sem einnig tengjast Eystrasaltslöndunum og Evrópu. Í þessum leiðum getur falist virðisauki í tengslum við menningartengda ferðaþjónustu, útivist, lýðheilsu, umhverfið, byggðaþróun og fleiri svið, ásamt því að vekja athygli á menningararfinum.

Að mati Norrænu ráðherranefndarinnar um menningarmál eru pílagrímsgöngur sjálfbær ferðaþjónusta sem fellur vel að markmiðinu í samstarfsáætlun um menningarmál um *grænt menningarlíf fyrir núlifandi og komandi kynslóðir* og markmiðinu um *jafnrétti og inngildingu í lista- og menningarlífi sem verði öllum aðgengilegt hvarvetna á Norðurlöndum*. Norrænu menningarstofnanirnar fimm vinna markvisst að þessum markmiðum og einkum hefur verkefnið *Sjálfbær lífsstíll á Norðurlöndum* meðal annars fjallað um sjálfbæra ferðaþjónustu. Pílagrímsleið Ólafs helga, sem lengd var árið 2019 þannig að St. Olav Waterway frá Åbo til Finnlands, um skerjagarðinn í Åbo og Álandseyjum til Svíþjóðar og þaðan til Noregs, er orðin vinsæl gönguleið með samstarfsnet sem nær til Álandseyja, Finnlands, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar. Samstarfsnetið er rótgróið og áhugi er mikill á meðal grasrótarinnar. Unnið er saman þvert á landamæri og samstarfsnetið skapar norrænt notagildi.

Evrópuráðið býr að góðu kerfi í kringum leiðirnar með ábyrgðaraðila í hverju aðildarlandi. Að mati Norrænu ráðherranefndarinnar um menningarmál myndi norrænt kerfi fela í sér hliðstæða yfirbyggingu og því ekki þjóna tilgangi sínum.

Verkefnið sem lagt er til gæti einnig hentað fyrir samstarf þvert á fagsvið, sérstaklega við fagsvið ferðaþjónustu- og atvinnulífs, og hefur ráðherranefndin um menningarmál því sett sig í samband við það. Því miður voru viðbrögð ferðaþjónustu- og atvinnulífssviðsins þau að tilmælin falli ekki að áherslum sviðsins á komandi ári.

Með hliðsjón af ofangreindu sér ráðherranefndin um menningarmál sér því hvorki fært að styrkja samstarf í tengslum við norrænar pílagrímsleiðir fjárhagslega né stuðla að samnorrænu átaki á þessu sviði.

Norræna ráðherranefndin um menningarmál telur því ekki unnt að uppfylla tilmælin.



## Sjónarmið nefndarinnar

Norræna þekkingar- og menningarnefndin þakkar Norrænu ráðherranefndinni um menningarmál fyrir svar hennar við tilmælum 7 um *samnorrænt átak í tengslum við pílgrímsleiðir* en harmar afstöðu ráðherranefndarinnar. Aukið samstarf í tengslum við pílgrímsleiðir á Norðurlöndum snýst ekki um að búa til óþarfa yfirbyggingu yfir eitthvað sem þegar er til staðar. Það samstarf sem í dag er fyrir hendi er unnið til viðbótar við það fulla starf sem unnið er á innlendum vettvangi landanna. Það liggur í augum uppi að ef formlegu samstarfsneti með fjármögnun frá Norrænu ráðherranefndinni yrði komið á myndi gefast aukinn tími til þess þróunarstarfs sem nauðsynlegt er að vinna, sé mönnum alvara með því að Norðurlönd eigi að verða samþættasta svæði heims.

Norrænt átak í tengslum við pílgrímsleiðir á Norðurlöndum gæti orðið skólabíkardæmi um norrænt samstarf þar sem ráðherranefndir um menningarmál, menntamál, félags- og heilbrigðismál, atvinnumál og umhverfis- og loftslagsmál myndu sameina krafta sína vegna tímabundins verkefnis sem yrði öllum ráðherranefndunum til góða, en einkum þó almenningi á Norðurlöndum.

Því óskar norræna þekkingar- og menningarnefndin eftir pólitísku samráði um tilmæli 7/2023 um *samnorrænt átak í tengslum við pílgrímsleiðir*, einkum við ráðherranefndina um menningarmál en nefndin óskar einnig eftir því að ráðherranefndin um menningarmál ræði þessi tilmæli við allar ofangreindar ráðherranefndir, áður en að pólitísku samráði kemur, til þess að kanna hvort einhverjar leiðir séu færar í málinu.

Þórshöfn hinn 8. apríl 2024

*Doris J. Jensen (S)*  
*Lars Mejern Larsson (S)*  
*May Britt Lagesen (A)*  
*Per Husted (S)*  
*Pinja Perholehto (sd)*  
*Líneik Anna Sævarsdóttir (Frfl)*  
*Jeppe Søe (M)*  
*Brigitte Klinskov Jerkel (KF)*

*Marko Kilpi (saml)*  
*Noora Fagerström (saml)*  
*Ville Väyrynen (saml)*  
*Veronika Honkasalo (vänst)*  
*Freddy André Øvstegård (SV)*  
*Joakim Vigelius (saf)*  
*Victoria Tiblom (SD)*  
*Silje Hjemdal (FrP)*